**Nd.** **517. Tillaga**

til þingsályktunar um færslu póstafgreiðslustaðar í Þingeyjarsýslu.

Frá Ingólfi Bjarnarsyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að póstafgreiðslan verði flutt frá Grenjaðarstöðum í Suður-Þingeyjarsýslu að Einarsstöðum eða Breiðumýri, þegar Reykjadalsbrautin er komin upp að Máskoti, og sje póstleiðum og brjefhirðingastöðum breytt í samræmi við þetta.

## Greinargerð.

Ályktun þessi er flutt samkvæmt samþykt á þingmálafundi á Breiðumýri í síðastliðnum janúar og endurteknum óskum frá hlutaðeigandi hreppum.